

Brjef stjórnarráðsins til amtmannsins yfir Norduramtinu og Austur- 90
amtinu um endurgjald á sveitarstyrk. — Með brjefi, dagsettu 2. f. mán. 28. júlí
 hafið þjer, herra amtmáður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Holtshreppi
 hinum forna í Skagafjarðarsýslu þar sem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úr-
 skurði yðar dagsettum 11. marz þ. á., sem ákveður að Holtshreppur hinn forni
 skuli greiða Sauðárhreppi í Skagafjarðarsýslu 252 kr. 34 aura til endurgjalds á
 sveitarstyrk, er hinn síðarnefndi hreppur veitti Sölva Jónssyni fardagaárið
 1902—1903.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til frekari birtingar, að með
 því að stjórnarráðið er að öllu leyti yður samdóma um þetta mál, skal úrskurð-
 ur yðar standa óraskaður.

Úrskurður amtsins.

Með brjefi, dags. 19. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi hrepps-
 nefndariunnar í Sauðárhreppi, þar sem hún áfrýjar til amtsins úrskurði yðar 20. nóv. f. á.,
 um ágreining milli tjeðrar hreppsnefndar og hreppsnefndariunnar í Holtshreppi hinum forna
 útaf sveitarstyrk veittum Sölva nokkrum Jónssyni, að upphæð 252 kr. 34 a.

Málavextir eru þannig:

Með brjefi, dags. 23. apríl 1902, sótti Sölvi Jónsson um leyfi til að setjast að sem
 húsmáður á Sauðárkróki í Sauðárhreppi, en á hreppsnefndarfundi 30. s. m. var honum neit-
 að um aðsetursleyfið. Samt sem áður flutti Sölvi sig á Sauðárkrók og settist að í svoköll-
 uðum Skóarabæ. Á næsta hausti varð Sölvi bjargarlaus fyrir sig og skyldulið sitt. Vildu
 hreppsnefndirnar í Holtshreppi hinum forna þá fá Sölva og skyldulið hans fluttan fátækra-
 flutningi til Holtshrepps, sem er framfærslusveit hans, en það var þá orðið ofseint til
 þess að vegabrjef gæti fengið handa honum og var hann því á Sauðárkróki þangað til hann
 var fluttur fátækraflutningi á sveit sína í maí 1903.

Styrkur sá, sem Sölvi fjekk hjá hreppsnefnd Sauðárhrepps, meðan hann dvaldi í hreppn-
 um, nam kr. 272 34 aur., en hreppsnefnd Sauðárhrepps slepti síðan að heimta 20 kr. fyrir húsa-
 leigu Sölva, meðan hann naut sveitarstyrksins, og er því aðeins ágreiningur um endurgjald
 á kr. 252 34 a.

Hreppsnefndirnar í hinum forna Holtshreppi hafa mótmælt endurgjaldinu með skír-
 skotun til 13. gr. í tilsk. 26. maí 1863 um lausamenn og húsmenn.

Halda þær því fram, að Sölvi hafi eigi haft rjett til húsmennsku í Sauðárhreppi og
 þess vegna eigi framfærslustyrkurinn að lenda á húsráðanda án endurgjalds frá hreppi þeim,
 þar sem húsmáðurinn er sveitlægur.

Þjer hafið, herra sýslumaður, fallizt á þetta, og því eigi sjeð yður fært að skylda
 Holtshrepp til að endurgjalda styrkinn. Hreppsnefndin í Sauðárhreppi hefir hinsvegar haldið
 því fram, að ákvæðin í áðurnefndri tilskipun geti eigi átt við, af því að hjer hafi enginn
 húsbóndi verið, er hafi tekið Sölva á heimili sitt.

Það er nú að vísu svo, að eigandi bæjar þess, er Sölvi settist að í, var á Holds-
 veikraspítalanum og að það er óvíst, hver leyfði Sölva að setjast að í umgetnum bæ, en hjer
 virðist eigi þörf á að rannsaka þetta, af því að það er viðurkennt, að Sölvi þurfti styrksins
 með, og að hreppsnefndin í Sauðárhreppi veitti styrkinn rjettilega. Þegar svo er, virðist
 hreppsnefnd Sauðárhrepps eigi skyld til að heimta endurgjald frá einstökum mönnum, er
 kunna að hafa einhverja skyldu til þess að veita Sölva styrk, heldur virðist þetta vera mál
 milli framfærsluhreppsins og þessara einstöku manna.

29. dag ágústmánaðar 1904.

90

28. júlí greiða til Sauðárhrepps 252 kr. 34 a. til endurgjalds á sveitarstyrk veittum Sölva Jónssyni fardagaárið 1902—1903.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutað-eigandi hreppsnefndum.

91

13. ágúst

**Brjef stjórnarráðsins til amtmannsins yfir Norduramtinu og Austur-
amtinu um sveitfesti þurfalings.** — Með brjefi dags. 9. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá hreppsnefninni í Lýtingsstaðahreppi, þar sem hún áfrýjar úrskurði yðar uppkveðnum 20. jan. þ. á. um að Lárus nokkur Skúlason skuli teljast sveitlægur í tjeðum hreppi.

Það er viðurkennt, að Lárus þessi Skúlason er fæddur í Lýtingsstaðahreppi og að hann hafi eptir 16 ára aldur dvalið samfleytt í Akrahreppi 10 ár, en hreppsnefnin í Akrahreppi heldur því fram, að Lýtingsstaðahreppur hafi með löglegum samningi tekizt þá skuldbinding á hendur, að Lárus þessi skyldi eigi verða Akrahreppi til þyngsla, þó hann fullkomnaði þar 10 ára veru sína. Til sönnunar þessu hefur hún fært vottorð úr brjefabók Skagafjarðarsýslu frá 12. ágúst 1868 svohljóðandi:

»Áteiknun á skuldbindingarbrjef hreppstjóranna í Lýtingsstaðahreppi, að Lárus nokkur Skúlason skuli ekki verða Akrahreppi til neinna þyngsla, þó hann fullkomni þar 10 ára veru sína.

— — — — —
Pareð mjer er kunnugt, að Gísli bóndi Stefánsson í Flatatungu vill ekki halda Lárus Skúlason lengur, nema hreppstjórnir í Lýtingsstaðahreppi gæfu ofanskráða skuldbindingu, þá er hún hjermeð af mjer samþykkt og staðfest.

Eptir þetta fullkomnaði Lárus 10 ára dvöl í Akrahreppi. Síðan hjelt hann áfram að dvelja þar, en áður en hann dveldi þar 10 ár eptir þetta, var honum á árunum 1875—1880 veittur styrkur af sveitarsjóði Lýtingsstaðahrepps, og síðan hefur hann ekki dvalið 10 ár samfleytt í Akrahreppi.

Þó það nú mætti telja sannað í máli þessu, að hreppstjórnir í Lýtingsstaðahreppi hafi fyrir hreppsins hönd gefið út skuldbinding um, að Lárus þessi Skúlason skyldi eigi verða Akrahreppi til þyngsla, þótt hann fullkomnaði þar 10 ára veru sína, getur skuldbinding hreppstjóranna eigi gjört Lárus sveitlægan í Lýtingsstaðahreppi, þrátt fyrir 10 ára dvöl hans í Akrahreppi, nema því aðeins, að hún verði skoðuð sem ráðstöfun á honum sem ómaga, með því að álita verður, að sveitarstjórnir geti eigi með samningum eða einhliða yfirlýsingum svipt einstaka menn þeim rjetti, sem hverjum manni ber samkvæmt 6. gr. fátækrareglu-gjörðarinnar 8. jan. 1834, til þess að vinna sjer sveitfesti og þar með öll þau rjettindi, er sveitfesti fylgja, í þeim hreppi, þar sem þeir dvelja lögákveðinn tíma lögmæta sveitfestisdvöl. En með því nú eigi er sannað, að Lárus Skúlason hafi verið ómaga eða löglega tekinn til sveitarframfæris áður en hreppstjórnir gáfu út yfirlýsing sína, þar sem ekkert var lagt með honum, og hann